

Til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

Frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga

Vegna 215. máls/frv. um fjármálafyrirtæki, sbr. yfirlit IVR um breytingartillögur og athugasemdir.

Ráðuneytið gerir tillögu til efnahags- og viðskiptanefndar um að taka orðalag undanþáguákvæðis 2. gr. tilsk. 93/22 upp í nýja 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins "alveg hrátt". Gerir ráðuneytið þannig tillögu um, að 1. töluliður hljóði svo:

"Vátryggingafélög eða fyrirtæki sem annast endurtryggingastarfsemi".

Þetta orðalag er dálítið undarlegt og getur leitt til misskilnings. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi með síðari breytingum, er eingöngu vátryggingafélögum, innlendum sem erlendum skv. frekari skilyrðum laganna, heimilt að reka vátryggingastarfsemi hér á landi.

Vátryggingastarfsemi í þessu sambandi er bæði frumtryggingar og endurtryggingar. Þannig er almennt rætt um frumtryggingafélög og endurtryggingafélög, en hvorki í lögum um vátryggingastarfsemi eða annars staðar í íslenskum lögum er fjallað um "fyrirtæki sem annast endurtryggingastarfsemi" svo að orðrétt sé vitnað í tillögu ráðuneytisins.

Samband íslenskra tryggingafélaga leggur því til, að orðalagi þessa 1.

töluliðar í nýrri 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins verði breytt þannig:

"Vátryggingafélög, sem hafa með höndum frumtryggingar eða endurtryggingar".....eða jafnvel að 1. tölul. hljóði einungis þannig:"Vátryggingafélög".

Með vinsemd og virðingu,
Samband íslenskra tryggingafélaga,
Sigmar Ármannsson